

Fundur Skólanefndar FAS

Mætt á fundinn: Eyjólfur Guðmundsson, Friðrik Jónas Friðriksson, Daníel Snær Garðarsson, Barði Barðason, Hjalti Þór Vignisson, Lind Völundardóttir, Eva Björk Harðardóttir, Huguín Harpa Reynisdóttir og Þorvarður Árnason

Fundarstjóri: Þorvarður Árnason

Fundarritari: Huguín Harpa Reynisdóttir

1. FAS og COVID-19

Eyjólfur sagði frá því að nú hefur í um mánuð verið viðhaft áfangabundið bekkjarkerfi. Er það gert í þeim tilgangi að unnt sé að fara eftir sóttvarnareglum og hámarka veru nemenda í skólanum þannig að nemendur geti mætt að minnsta kosti einu sinni í viku í hverjum áfanga... Búinir hafa verið til sex nemendahópar eða bekkir sem hver um sig hefur kennslustofu og lesstofu.

Þorvarður vakti máls á líðan nemenda í FAS og spurði hvort skólinn hafi fylgst með líðan nemenda. Eyjólfur sagði að það hafi verið gert í vor og þá hafi staðan verið nokkuð góð en núna er í gangi könnun sem send hefur verið á nemendur.

Þorvarður spurði hvort það hafi komið til tals að gera breytingu á náminu þegar aðstæður batna. Eyjólfur lýsti því að upplifun starfsmanna sé að nemendur standi meira saman og áhugavert sé að skoða hvort þessar breytingar hafi haft jákvæð áhrif hvað þetta varðar og þá sé mögulega ástæða til að skoða með opnum hug hvort hluti þeirra breytinga sem hafa verið gerðar verði til langsframa.

2. Ársskýrsla 2019

Eyjólfur gerði að umtalsefni markmið sem koma fram í ársskýrslu og fór yfir stöðuna varðandi hvert og eitt markmið. Ársskýrslu skólans má finna á vefsíðu skólans.

- **Treysta starfsgrundvöll skólans**
 - Fjölga fjarnemum með því að bæta þjónustu og kennslu.
 - Fjölga nemendum í lista -og verknámi með því að efla nám tengt Vöruhúsinu.
 - Fjölga nemendum af erlendum uppruna með því að mæta betur þörfum þeirra.
- **Auka framboð starfsnáms**
 - Efla nám í fjallamennsku og starfendanám í afþreyingarferðaþjónustu.
 - Efla samstarf Fjölbrautaskólans við Ármúla og Fjarmentaskólans um nám í heilbrigðisgreinum.
 - Koma á matreiðslunámi í samvinnu við Menntaskólann í Kópavogi.
- **Hækka hlutfall þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma**
 - Festa í sessi og þróa frekar foreldrasamstarf.
 - Festa í sessi og þróa frekar umsjónarkerfið.

3. Sjálfsmatskýrsla 2019-2020

Lind fór yfir sjálfsmatskýrslu skólans og helstu efnistöð hennar. Athygli vekur að ekki var aukið brottfall á vorönn 2020 þrátt fyrir Covid. Eyjólfur gerði líðan drengja að umræðuefni sínu og sagði frá því að skólinn leggi áherslu á að auka vellíðan drengja og áhuga þeirra í námi.

Skýrsluna má finna á vefsíðu skólans.

4. Ársreikningur 2019

Eyjólfur fór yfir ársreikning skólans, rekstur skólans hefur gengið vel og er í jafnvægi. Ársreikning má sjá á heimasíðu skólans.

5. Stefnuskjal samanber lög um opinber fjármál, sjá viðhengi.

Eyjólfur fór yfir drög að stefnuskjalinu sem enn er í vinnslu. Þar eru tilgreind markmið skólans til næstu þriggja ára og skilgreindar aðgerðir og mælikvarðar fyrir hvert og eitt þeirra. Helstu markmið snúa að þremur markmiðum ráðuneytis í málaflokknum en auk þess starfsmannamálum og umhverfismálum,

6. Ársáætlun 2021

Unnið er að áætluninni og verður henni skilað á næstu dögum. Áætlunin gefur til kynna að unnt verði að halda áfram með starf skólans með þeim hætti sem verið hefur undanfarin misseri.

7. Önnur mál

Umsókn Nýheima þekkingarsetur um að verða viðurkenndur fræðsluaðili

Hugrún Harpa sagði frá ákvörðun stjórnar Nýheima þekkingarseturs um að sækja um að verða viðurkenndur fræðsluaðili og sinna framhaldsfræðslu á Suðausturlandi.

Verkefnið *Nám er tækifæri* og fjallamennskunám í FAS

Eyjólfur sagði frá verkefninu sem snýr að því að auka tækifæri atvinnulausra til náms og verða tækifæri til raunfærnimats og sérhæfingar í fjallamennskunáminu aukin.

Evrópuverkefni, starfsþróun og starfsnám í FAS

Eyjólfur sagði frá því að skólinn hefur markað sér stefnu um erlend samskipti skólans. Stefnan var unnin í tengslum við umsókn skólans um starfsþróun, starfsnám og skiptinám til Menntaáætlunar Evrópusambandsins.

Fundi slitið klukkan 16:45